

## SÍP

### SAMBAND ÍSLENSKRA PRÓFUNARSTOFA

Aðalfundur SÍP haldinn á Rannsóknarstofu Mannvits, Víkurhvarfi 8, þann 07. júní 2023 kl 15:00

Mættir: Elísabet Jóna Sólbergdóttir (EJS, Rannsóknarstofa í lyfja og eiturefnafræði), Elín Ásgeirsdóttir (EÁ, Malbikunarstöðin Höfði), Guðrún Eva Jóhannsdóttir (GEJ, Mannvit), Halla Halldórsdóttir (HH, Matís) og Finnbogi Óskarsson (FÓ, Ísor)

Fundarstjóri EÁ, Ritari: GEJ

#### Dagskrá

1. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til samþykktar.
2. Formaður skýrir frá störfum félagsins á liðnu ári.
3. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins
4. Félagsgjöld ákveðin.
5. Kosning stjórnar.
6. Formaður kosinn.
7. Skoðunarmaður reikninga kosinn.
8. Lagabreytingar (engar tillögur hafa komið fram um lagabreytingar).
9. Önnur mál.

Fundur settur kl 15:20

1. Fundargerð síðasta aðalfundar samþykkt.
2. EJS lagði fram skýrslu stjórnar og las fyrir fundarmenn.
3. GS lagði fram endurskoðaða reikninga og voru þeir samþykktir
4. Ákveðið að hækka félagsgjöld í 50.000 kr.
5. Stjórn er óbreytt. GEJ er ritari og FÓ er gjaldkeri.
6. EJS býður sig aftur fram sem formann og er kosin með öllum atkvæðum.
7. Skoðunarmaður reikninga er kosinn Sigurður Sveinn Jónsson.
8. Engar lagabreytingar hafa verið lagðar fram.
9. Önnur mál
  - Heimsókn í Marel og kynning Origo á CCQ var vel tekið.
  - Elísabet ætlar að kanna áhuga Marel á félagsaðild, Finnbogi ætlar að hnippa í orkufyrirtæki sem reka rannsóknarstofur. Halla ætlar að tékka á Coripharma og jafnvel Alvotech.
  - Það þarf að halda fleiri formlega stjórnarfundum, þó svo að netsamskipti dugi líka vel.
  - Eurolab hélt kynningar og umræðufund sem EÁ, EJS og GEJ sátu. Þeir spurðu hvað SÍP vildi leggja áherslu á að fá frá félaginu. Rætt var hversu mikilvæg hnitmiðuð póstsamskipti eru, fólk hafi tilhneigingu til að sleppa því að lesa langa tölvupósta.
  - Hugmynd kom upp um að Eurolab myndi halda vefnámskeið/fund fyrir SÍP en félagsmenn myndu þó hittast á Íslandi og eiga góðar umræður. Hugmyndir að viðfangsefnum voru t.d. sjálfbærni rannsóknarstofa (hvernig geta þær sparað í orkunýtingu) og mælióvissa (þyrfti að höfða til félagsmanna á grundvelli þess starfs sem fer fram á þeirra stofum)

- Upp kom hugmynd um hvort félagsmenn gætu aðstoðað hverja aðra í innri úttektum, gæti verið ómetanlegt að fá faglega endurgjöf frá fólki sem vinnur í samskonar gæðaumhverfi þó svo að starfsvettvangurinn sé ólíkur.
- Næsti stjórnarfundur verður hádegisfundur á Finnsson Bistro þann 6. september 2023.

Fundi slitið 16:20